

## Starfsreglur SR03

### Starfsreglur framkvæmdastjóra

Reglur þessar eru settar í samræmi við ákvæði í 29. og 31. greina laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og í samræmi við ákvæði í grein 5.2 og 29 í samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn og starfar samkvæmt eftirfarandi starfsreglum:

1. Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að daglegur rekstur lífeyrissjóðsins sé í takt við gildandi lög, reglur og samþykktir á hverjum tíma. Framkvæmdastóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur.
2. Framkvæmdastjóri skal einu sinni á ári leggja fyrir stjórn rekstraráætlun og gæta þess að útgjöld sjóðsins séu í takt við áætlun. Framkvæmdastjóri skal greina stjórn strax frá ef raunverulegur rekstrarkostnaður viku 5% eða meira frá áætlun.
3. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins og framfylgir starfskjarastefnu sem sett er af stjórn.
4. Framkvæmdastjóri skal bera allar ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar undir stjórn. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund skal haft samráð við formann og senda upplýsingar um mál í tölvupósti. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund og bóka í fundargerð. Við mat á því hvað teljist mikilsháttar ákvarðanir skal miðað við fjárfestingar sem eru yfir tilgreindum fjárhæðum í verklagsreglu um viðskipti sjóðsins, starfsmanna og stjórnar (verkferli um viðskipti sjóðsins) á hverjum tíma og allar meiriháttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum.
5. Framkvæmdastjóri boðar og undirbýr stjórnarfundum í samráði við formann stjórnar.
6. Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að innan sjóðsins sér virkt innra eftirlit og áhættustýring í samræmi við reglugerð um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða nr. 590/2017. Framkvæmdastjóri skal leggja fyrir stjórn tillögu um eftirlit með áhættu sem inniheldur skipulag innra eftirlits, niðurstöður eigin áhættumats, áhættustefnu og áhættustýringarstefnu.
7. Framkvæmdastjóri skal sjá til þess að starfsmenn sjóðsins eigi góð samskipti við ytri og innri endurskoðendur sem stjórnin ræður og að starfsmenn veiti endurskoðendum allar upplýsingar sem þeir óska eftir um rekstur sjóðsins. Einnig skal framkvæmdastjóri sjá til þess að sjóðurinn eigi góð samskipti við opinbera eftirlitsaðila og veiti þeim allar upplýsingar sem þeir þurfa til að geta fylgst með starfsemi sjóðsins.
8. Framkvæmdastjóri skal árlega yfirfara og leggja fyrir stjórn tillögu um fjárfestingarstefnu.
9. Framkvæmdastjóri skal sjá um að verðbréfi viðskipti sjóðsins séu framkvæmd samkvæmt verklagsreglu um viðskipti sjóðsins og fjárfestingarstefnu sem stjórnin hefur samþykkt. Hann skal einnig sjá til þess að farið sé yfir öll viðskipti sjóðsins á stjórnarfundum.
10. Framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls, eða undirbúningi eða úrlausn þess, ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans eða félag í einkaeigu þar sem hann á hagsmuna að gæta sbr. II kafla stjórnsýslulaga.
11. Framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í atvinnurekstri, nema að fengnu leyfi stjórnar. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri, nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess. Slík þátttaka í atvinnurekstri má þó ekki vera til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum eða skaða orðspor lífeyrissjóðsins. Framkvæmdastjóri má ekki gegna öðrum launuðum störfum, nema að fengnu leyfi stjórnar. Slík störf mega þó ekki vera til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum eða skaða orðspor lífeyrissjóðsins.
12. Á stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram eftirfarandi upplýsingar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinning og ráðstöfun eigna sjóðsins.

Upplýsingar	Mánaðarlega	Annar hvern mánuð	Ársfjórðungslega	Hálfsárslega	Árlega	Víðmiðunar- mánuður
Skýrsla stjórnar og ársreikningur					X	Febrúar
Tryggingarfræðilegt uppgjör					X	Febrúar
Skýrslur ytri og innri endurskoðanda					X	Strax og þær liggja fyrir
Bókhaldslegt uppgjör kannað af endurskoðanda, ef ástæða er til						þegar uppgjör er kannað
Upplýsingar um heildareignir séreignar- og samtryggingarsjóða og eignasamsetningu	X					
Upplýsingar um sjóði með áskriftarfyrirkomulagi					X	Mars
Skýrsla um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka					X	Apríl
Upplýsingar um iðgjöld og lífeyrisgreiðslur séreignar- og samtryggingarsjóða				X		Jan. og ágúst
Ávöxtun ávöxtunarleiða sjóðsins og helstu verðbréfaflokka.	X					
Samanburður við ávöxtun sambærilegra sjóða				X		Febrúar, ágúst
Hlítingarskýrsla eigna			X			Feb; maí; ág; nóv.
Verðbréfavíðskipti	X					
Upplýsingar um framvindu fjárfestingarákvarðana tekna af stjórn					X	Janúar
Lán til sjóðfélaga. Upplýsingar um veitt og uppgreidd lán í mánuðinum, á árinu og heildarfjárhæð útistandandi lána. Vextir á lánnum og samanburðarvextir	X					
Rekstrarkostnaður og samanburður við rekstraráætlun					X	Ágúst
Framreikningur á tryggingafræðilegri úttekt					X	September
Innheimtumál. Upplýsingar um vanskil við sjóðinn, bæði á skuldabréfum í eigu sjóðsins og á vangoldnum iðgjöldum				X		Janúar og ágúst
Tillaga um eftirlit með áhættu sem inniheldur skipulag innra eftirlits, niðurstöður eigin áhættumats, áhættustefnu og áhættustýringarstefnu.					X	Október
Skýrsla um eftirlitsaðgerðir innra eftirlits				X		Júní og desember
Tillaga um fjárfestingarstefnu næsta árs					X	Október
Rekstraráætlun næsta árs					X	Nóvember
Endurskoðun starfsreglna framkvæmdastjóra					X	Nóvember
Fundaáætlun til sex mánaða				X		Maí, nóvember
Skýrsla FME um uppgjör lífeyrissjóða					X	Útgáfumán.

Einnig skal framkvæmdastjóri leggja fram aðrar þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar fyrir rekstur sjóðsins og þjónustu við sjóðfélaga. Framkvæmdastjóri skal einnig útvega aðrar upplýsingar sem stjórnarmenn óska eftir að hann leggi fyrir stjórnina.

Erindi sem berast til stjórnarinnar skulu skráð á stjórnargátt jafnóðum og þau berast. Á sama vettvangi skal einnig skrá afgreiðslu þeirra. Framkvæmdastjóri skal annað hvort leggja erindi fyrir stjórn á næsta fundi eftir að það berst eða leggja fyrir formann og meta með honum hvort ástæða sé til að leggja fyrir stjórnina í heild.

Reglur þessar eru yfirfarnar af stjórn a.m.k. einu sinni á ári í nóvember ár hvert.

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins  
Staðfest, 15. desember 2021

# Undirritunarsíða

Ólafur Hvanndal Jónsson

Hulda Rós Rúriksdóttir

Arna Guðmundsdóttir

Davíð Ólafur Ingimarsson

Oddur Ingimarsson

Sigríður Magnúsdóttir